

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla
2016-2017



Guðmundur Smári Gunnarsson

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir

Júní 2017

Efnisyfirlit

Inngangur

1.0 Lykilþættir innra mats

2.0 Markmið og matsaðferðir

3.0 Sjálfsmat 2016-2017

3.1 Kennsla og námsframboð

3.1.1 Kennarar

3.1.2 Nám og kennsla

3.1.3 Stuðningur við nemendur

3.1.4 Námsmat

3.1.5 Námsgögn

3.2 Námsárangur

3.2.1 Mætingar

3.2.2 Ástundun og áhugi

3.2.3 Einkunnir

3.2.4 Brottfall

3.3 Líðan nemenda

4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

4.1 Samantekt

4.2 Sjálfsmatsáætlun fyrir 2017 – 2021.

4.3 Gátlistar fyrir sjálfsmatsteymi.

4.4 Úrbótaáætlun.

Fylgiskjöl:

Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum býður upp á einstaklingsmiðað nám þar sem vel er haldið utan um hvern og einn og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Skólinn er lítill heimavistaskóli í sveit með um 100 nemendum sem flestir búa saman á heimavistum skólans. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Skóli er stofnun sem á að vera í stöðugri þróun. Sjálfsmat er einn liður í því að tryggja að svo sé. Sjálfsmatið á að spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Einnig er gagna aflað með spurningalistum og viðhorfskönnunum innan skólans og niðurstöður opinberra kannana eins og Ungt fólk 2016 og Stofnun ársins 2017 eru nýttar.

Í upphafi yfirstandandi skólaárs voru gefnar út leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla sem unnið var fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þær miða m.a. að því að samræma og styrkja tengsl innra mats skóla og ytra mat Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Vinna sjálfsmatsteymis þessa árs var m.a. fólgin í því að breyta áherslum í sjálfsmati skólans í samræmi við þessar leiðbeiningar og byrja að setja fram verklagsferla til að vinna eftir í framtíðinni.

Í kafla 1 er farið yfir þá lykilþætti innra mats sem fram koma í leiðbeiningum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lagðir verða til grundvallar í vinnu við sjálfsmat í Framhaldsskólanum á Laugum.

Kafli 2 er um helstu markmið lykilþátta í innra mati, viðmið og mögulegar matsaðferðir. Þessi kafli er í vinnslu.

Kafli 3 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2016-2017. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Kafli 4 snýr að eftirfylgni sjálfsmats. Gerð er stutt samantekt á niðurstöðum, lögð fram sjálfsmatsáætlun til næstu ára og úrbótaáætlun

Í fylgiskjöllum með skýrslunni eru þær kannanir og gögn sem notuð voru við gerð hennar. Einnig drög að verkferlum og gátlistum.

1. Lykilþættir innra mats

Markmið með sjálfsmati er að greina og meta sem flesta þætti skólastarfsins, sjá hvað gengur vel og hvað þarf að bæta.

Sjálfsmatið snýr að fimm lykilþáttum. Þeir eru:

Kennsla og námsframboð:

- Kennarar
- Náms og kennsla
- Stuðningur við nemendur
- Námsmat
- Námsgögn

Lykilárangur:

- Námsárangur
- Árangur í grunnþáttum
- Langtímaárangur

Stjórnun og skipulag:

- Stefna og áætlanir
- Stjórnendur
- Skipulag, verkferlar og verklagsreglur
- Innra mat

Samskipti og líðan:

- Skólabragur
- Líðan nemenda
- Samskipti í skólastofunni
- Félagslíf nemenda
- Samskipti við foreldra/forráðamenn
- Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Húsnæði og aðbúnaður

- Kennsluhúsnæði
- Mötuneyti og heimavistir

Í sjálfsmatsáætlun er þessum þáttum skipt niður eftir árum. Þó eru nokkrir þættir sem skoðaðir eru á hverju ári, eins og t.d. líðan nemenda, námsárangur og mæting.

2 Markmið og matsaðferðir

Sjálfsmatinu er skipt upp í fimm lykilþætti. Miklvægt er að í hverjum þætti séu sett fram markmið og viðmið um hvað telst viðunandi í hverju tilviki fyrir sig. Með margvíslegum matsaðferðum er lagt mat á hvort markmiðin hafi náðst eða hvort gera þurfi umbætur. Umbóta áætlun skal lögð fram og henni fylgt eftir.

Þar sem verið er að endurskoða aðferðir og áherslur í innra mati skólans er vinnu við markmiðssetningu og viðmið ekki lokið. Þar af leiðandi er þessi kafli ekki fullunninn og vinnu verður haldið áfram á næsta skólaári.

3 Sjálfsmat 2016-2017

Aðaláherslur sjálfsmats þetta árið lúta að náms- og kennsluþættinum. En einnig er horft til þátta sem kannaðir hafa verið á hverju ári og snúa að námsárangri og líðan nemenda.

Eftirfarandi niðurstöður sjálfsmats eru unnar úr þeim könnunum og efnisöflun sem fram fór á skólaárinu. Þar er um að ræða eftirfarandi:

- a) Skriflegt áfangamat var lagt fyrir nemendur í 7 áföngum í desember 2016.
- b) Skriflegt áfangamat var einnig lagt fyrir nemendur í 9 áföngum í maí 2017.
- c) Rafræn könnun var lögð fyrir alla dagskólanemendur í desember 2016. 34 af 68 nemendum svöruðu könnuninni, eða 50%.
- d) Skriflegur spurningalisti var sendur námsráðgjafa og áfangastjóra FL í maí 2017.
- e) Niðurstöður skólaþings sem haldið var með nemendum og starfsfólki Framhaldsskólans á Laugum í apríl 2017
- f) Könnunin Ungt fólk, niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016, Rannsókn & greining 2016
- g) Heimasíða Framhaldsskólans á Laugum

3.1. Kennsla og námsframboð

Einn að aðaláhersluþáttum sjálfsmatsins á þessu skólaári lýtur að kennslu. Ekki gafst þó tækifæri til að leggja mikið mat á þætti sem lúta að menntun kennara, námsmati og námsgögnum. Áherslan var aðallega á kennsluna sjálfa og hvernig nemendur meta hana. Hafa ber í huga að áfangamati hefur verið breytt frá fyrri árum vegna aðlögunar að nýjum aðferðum við innra mat skólustarfsins. Þannig hefur svarmöguleikum fækkað úr fimm í fjóra þ.a. ekki er svarmöguleikinn „hvorki né“ í boði lengur. Sú breyting gerir samanburðinn ekki eins sterkan en fyrir liggur að áfangamatið verður með álíka sniði í framtíðinni og gert var þetta árið.

Áfangamat var lagt fyrir í samtals 16 áföngum á haustönn 2016 og vorönn 2017. Leitast var við að meta einn áfanga hjá hverjum kennara á hvorri önn og dreifa þeim yfir mismunandi námsár. Matið var lagt fyrir í fagtímum undir lok annar. Farið var með útprentaðar kannanir í lok fagtímanna og nemendur fylltu þær út skriflega.

Skólameistari fékk afhentar niðurstöður úr mati allra áfanga, auk þess sem það var sent á viðkomandi kennara í tölvupósti eftir að kennsla lauk.

Auk þess að taka saman niðurstöður hvers áfanga fyrir sig voru teknar saman samanlagðar niðurstöður úr öllum áföngunum. Hafa ber í huga að mismargir nemendur eru í áföngunum og því veга þeir mismikið í heildarniðurstöðu.

3.1.1 Kennarar

Þessi þáttur var ekki tekinn sérstaklega fyrir á þessu skólaári

3.1.2 Nám og kennsla

Það er markmið FL að kennslan sé fjölbreytt, einstaklingsmiðuð, áhugavekjandi, hvetjandi og uppbyggjandi, skapandi, skipuleg og markviss, í tengslum við nærumhverfið og í takti við tímann.


Spurningar í áfangamati um það hvort markmið, kennsluáætlun og námsmat væri skýrt í upphafi annar komu víðast vel út. 88% nemenda voru sammála því eða frekar sammála. Það er töluverð hækkun frá fyrra ári þegar rétt rúm 80% voru mjög eða frekar ánægð með þennan þátt.

Ánægjulegt er að sjá að 86% nemenda telja að fagtímar áfanganna séu vel skiplagðir. Dálítið færri eða 78% telja fagtímana áhugaverða.

Spurt var hversu vel nemendur nýttu fagtímana annars vegar og vinnustofur hinsvegar. 73% nemenda eru sammála eða frekar sammála því að þeir nýti fagtíma vel og 75% að þeir nýti vinnustofur vel. Þetta er nokkur munur frá fyrra ári þegar 65% nemenda töldu sig nýta fagtímana mjög vel eða frekar vel á meðan einungis 48% sögðust nýta vinnustofurnar mjög vel eða frekar vel. Þetta hlýtur að vera vísbending um það að nemendur eru almennt að nýta vinnustofur betur en þeir gerðu árið áður.


Það kemur einnig fram að 76% nemenda eru sammála eða frekar sammála því að þeir taki virkan þátt í kennslustundum. Það eru heldur fleiri en þeir sem telja sig nýta fagtímana vel. 82% nemenda eru sammála eða frekar sammála um að góður vinnuandi sé í tímum.

Nemendur voru spurðir hvort kennarar beittu fjölbreyttum kennsluaðferðum.



Tæplega 74% þeirra (alls 164 svör af 223) voru sammála eða frekar sammála því að kennsluaðferðir væru fjölbreyttar en rúmlega 26% eru því ósammála. Ekki er til sambærileg spurnig úr fyrri könnunum en skólaárið 2015-2016 meta nemendur kennsluaðferðir í áföngunum þannig að 56% telja þær fjölbreyttar, 29% að þær séu hefðbundnar og 12% að þær séu einsleitar. Þetta eru hlutur sem horfa þarf til við þróun kennsluhátta í framtíðinni.


Nokkrar spurningar í áfangamatinu snérust um mat nemenda á frammistöðu kennara á ýmsum sviðum.



Hér kemur t.d. í ljós að einn styrkleiki kennaranna er að þeir hlusta á spurningar nemenda og bregðist við þeim. 96% nemenda var sammála eða frekar sammála því.

Nemendur eru líka almennt sammála því að kennarar útskýri námsefnið vel í tímum. Þar er hlutfall sammála nemenda 92%, meðan 8% nemenda telur sig ekki fá góðar útskýringar.

Einnig eru flestir nemendur, eða 94%, sammála eða frekar sammála því að kennarar hvetji þá til sjálfstæðra vinnubragða.



91% nemenda eru sammála eða frekar sammála því að kennarar hvetji þá til að gea sitt besta í áföngunum. Þegar kemur að hvatningu kennara til nemenda um að þeir hugsi á gagnrýnan hátt annars vegar og að þeir tjái sig og komi sjónarmiðum sínum á framfæri hins vegar, eru tölurnar ívið lægri. 84% nemenda í hvoru tilfelli fyrir sig eru sammála eða frekar sammála þessu. Sama á við þegar nemendur eru beðnir að leggja mat á það hvort þeir fái tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í áföngunum. Það má velta fyrir sér hvort þetta séu þættir sem horfa þarf betur til í framtíðinni.


3.1.3 Stuðningur við nemendur

Þessi þáttur var ekki tekinn sérstaklega fyrir á þessu skólaári.

3.1.4 Námsmat

Í námskrá FL kemur m.a. fram að tilgangur námsmats sé að gera nemandann meðvitaðan um stöðu sína og hjálpa honum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu. Einnig að námsmat þurfi að vera þannig að nemandinn fái sífellda endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu sína á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu.

Nemendur eru almennt sáttir við námsmatið.



Hér eru 91% nemenda sammála eða frekar sammála því að námsmatið sé sanngjarnt sem er töluvert hærra en árið áður þegar 80% nemenda þótti það frekar eða mjög sanngjarnt.

Þá eru 82% nemenda sammála því að kennarar bendi nemendum á hvernig þeir geti bætt sig í áfanganum, sambærileg spurning var ekki til staðar í fyrra áfangamati. Heldur færri eða 79% nemenda eru sammála því að þau fái leiðbeinandi mat um stöðu sína áföngunum og 21% ósammála, sambærileg spurning var ekki til staðar í fyrra áfangamati. Þetta eru þættir þar sem stefna ætti að því að gera betur.

3.1.5 Námsgögn

Ekki var spurt um námsgögn í könnuninni í þetta skiptið.


3.2 Námsárangur

3.2.1 Mætingar

Eitt af markmiðum varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra, sem leiða mætti til betri námsárangurs. Mæting nemenda er alltaf skráð og fylgst er með henni.

Á undanförunum árum hefur mætingarreglum verið breytt. Í óefni stefndi á vorönn 2013 og voru þá settar bráðabirgðareglur sem gengu út á að gerð var úttekt á mætingum nemenda á tveggja vikna fresti og þeir sem ekki náðu 85% mætingu urðu að skrá sig úr áfanga. Þessar aðgerðir urðu til þess að bæta mætingarnar. Haldið hefur verið í þessar mætingarreglur síðan með smávægilegum breytingum. Þannig var viðmiðið hækkað úr 85% heildarmætingu í 90% á haustönn 2014. Úttekt á mætingum er gerð á 3-4 vikna fresti, nemendur fá upplýsingar um stöðuna og viðvaranir ef í óefni stefnir. Ef þeim tekst ekki að bæta stöðuna þurfa þeir að skrá sig úr áfanga. Gengið er eftir því að þessum reglum sé framfylgt.

Safnað var gögnum frá fyrri könnunum síðustu ára til að gera samanburð um þróun mætinga.



Raunmæting á haustönn 2016 var 78% og á vorönn 2017 var hún 77%.


Á myndinni sést glögg að mæting hefur batnað töluvert frá fyrra skólaári. Nú er einnig minni munur á mætingatölum eftir önnum, en fram til þessa hefur mæting á haustönn yfirleitt verið töluvert betri.

Í þessum samanburði milli ára er alltaf horft til raunmætingar. Markmið skólasamnings um að mæting verði 84% á árunum 2015-2017 miðast væntanlega við heildarmætingu, en það er sú mæting sem gefin er upp í skólaskýrslu og notuð er sem viðmið í núverandi mætingareglum. Heildarmæting nemenda skólaárið 2015-2016, þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa eru 83% fyrir haustönn 2015 og 88% á vorönn 2016. Þessar tölur hækka umtalsvert milli ára. Á haustönn 2016 var heildarmæting nemenda 90% og á vorönn 2017 var hún 89%. Við erum því vel yfir markmiði skólasamningsins en talsvert miklu munar á raunmætingu og heildarmætingu. Í bígerð er að breyta mætingarreglum á næsta skólaári þannig að viðmið verði sett um raunmætingu nemenda.

3.2.2 Ástundun og áhugi nemenda


Í rafrænu nemendakönnuninni í desember 2016 voru nemendur spurðir um ýmislegt sem tengist ástundun í námi og námsárangri.

Á síðasta ári kom fram nokkuð mikil óánægja með vinnustofur meðal nemenda og þeir töldu þær ekki nýtast sér vel til þess að sinna náminu. Þetta mál var tekið til umræðu á meðal kennara og stjórnenda á starfsdögum í maí 2016 og aftur í skólabyrjun í ágúst 2016. Þar stilltu menn saman strengi sína til að vinna saman að því að bæta vinnufrið og ástundun nemenda.




Hér vekur strax athygli að nemendur eru aftur jákvæðari varðandi vinnustofur. 63,6% telja þær nýtast sér oftast eða stundum vel á móti 51,8% skólaárið 2015-2016. Á sama tíma hefur sá hópur sem telur þær nýtast oftast illa líka stækkað verulega og er nú 18,2%.

Í lok haustannar 2016 voru vinnustofur enn til umræðu á starfsdögum. Í desemberkönnuninni meðal nemenda kom fram að þeir voru ekki nógu sáttir við vinnufrið í vinnustofum.



Einnig komu athugasemdir frá nemendum eins og: „Það er oft svo mikill hávaði og krakkar að tala saman og spila tónlist of fot koma krakkar sem eiga ekki að vera í vinnustofuherberginu sem ég er í og eru bara að spjalla.“ „Nemendur og stundum líka kennarar eru oft með læti“ og „Fólk kemur ekki í vst til að læra, þetta er eiginlega bara staður þar sem fólk kemur til að spjalla“.

Það kom líka fram að alltof margir nemendur voru ósáttir með aðgengi að kennurum í vinnustofum.




Það var því tekin sú ákvörðun við annarskil um áramót að breyta uppröðun í vinnustofum í þá veru að vera með brautarskiptar vinnustofur. Þannig væru nemendur sem vinna sameiginleg verkefni oftari í sömu stofu, nemendur ættu auðveldara að leita til samnemenda um aðstoð í náminu og kennarar gætu að einhverju leyti skipt sér niður á stofur eftir því á hvaða braut þeir kenna mest. Fyrirkomulagið hefur mælst vel fyrir hjá kennurum og á skólaþingi sem haldið var í apríl 2017 kom fram hjá flestum umræðuhópunum að nemendum líkaði þetta skipulag vel.

En eins og áður komu einnig ábendingar frá nemendum um hvað betur mætti fara, eins og t.d.:

„Bæta mætti aðgengi að kennurum. Einnig væri gott að þeir skrifuðu hjá sér í hvaða röð nemendur biðja um aðstoð í vinnustofum því oft gleyma kennarar að hjálpa sumum sem biðja um aðstoð. Sumir kennarar einbeita sér bara að einum nemenda í vinnustofu í stað þess að fylgjast með öllum og því hvort aðrir vilji aðstoð“

„Mætti raða betur á borðin í vinnustofum og passa að þeir elstu séu saman svo þeir hafi vinnufrið til að læra. Einnig passa að þeir eldri fái góðu borðin með læstu skápunum“

Nemendur voru líka spurðir að því hversu sáttir þeir væru með árangur sinn í náminu. Aðeins 6 nemendur, 17,6% voru mjög ánægð með árangur sinn, 15 nemendur, 44,1% voru frekar sáttir, 10 nemendur, 29,4% voru hvorki sáttir né ósáttir, 2 nemendur, 5,9% voru frekar ósáttir og 1 nemandi var mjög ósáttur við árangur sinn í náminu. Þetta sýnir að 61,7% nemenda eru mjög eða frekar sáttir við árangur sinn, miðað við 63,1% árið áður og 71,2% árið þar áður.



Einnig voru nemendur spurðir um það hvernig þeir telji sig sinna náminu. 22 nemendur eða 64,7% telja sig sinna náminu frekar eða mjög vel. Þetta er töluverð lækkun frá fyrri árum þegar hlutfall þessa hóps var 77% skólaárið 2014-2015 og 74% haustið 2015 og 72% vorið 2016.

Í könnuninni Ungt fólk 2016 er spurt um viðhorf og vanda í námi. Þar kemur fram að 21% bæði stráka og stelpna við Framhaldsskólann á Laugum telja sig ekki leggja nægjanlega rækt við námið, meðan þessi hlutföllu eru 27% stráka og 19% stelpna yfir allt landið.


Það kemur einnig fram að 13% stráka í FL finnst námið tilgangslaust. Hér er landsmeðaltalið 10%. Sambærilegar tölur fyrir stelpur eru 3% í FL en 5% yfir allt landið.

Framhaldsskólinn á Laugum kemur betur út í samanburði við landsmeðaltal þegar kemur að því að meta hve mörgum leiðist námið. Í FL eru 21% stráka sem leiðist námið á móti 26% á landsvísu og 16% stelpna á meðan landsmeðaltalið þar er 17%.

Það hlýtur að vera umhugsunarvert hve stór hlutfall stráka sér ekki tilgang með námi sínu við skólann og einnig hve mörgum, bæði strákum og stelpum leiðist. Þetta hljóta að vera þættir sem skipta miklu máli þegar kemur að námsárangri.

3.2.3 Einkunnir

Það er markmið Framhaldsskólans á Laugum að námsárangur nemenda sé góður.



Á haustönn 2016 er meðaleinkunnin í 6,5 en er 6,6 á vorönn 2017. Meðaleinkunnin fer heldur hækkandi og viðsnúningur er í þessum tölum að því leyti að nú er meðaleinkunnin hærra á vorönn en á haustönn. Ennþá er þó ljóst að meðaleinkunnin er frekar lág, sérstaklega ef tekið er mið af því markmiði í skólasamningi að hún fari upp í 7,6. Það er líka spurning hvaðan meðaleinkunnin 7,3 sem viðmið er fengin, þar sem meðaleinkunn undanfarinna ára er langt frá því marki. Því má e.t.v. álykta sem svo að markmiðið í skólasamningi um 7,6 í meðaleinkunn sé óraunhæft.

3.2.4 Brottfall

Það er eitt af markmiðum skólasamnings að draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 5,5% í 4,5% á árunum 2015-2017.


Brottfall úr áföngum skólaárið 2016-2017 var 2,9% á haustönn og 3,1% á vorönn. Þar höfum við náð að uppfylla markmið skólasamningsins um að brottfall úr áföngum verði ekki meira en 4,5%.

Sambærilegar tölur um brottfall frá fyrra ári voru 4,9% á haustönn og 5,4% á vorönn. Brottfall hefur því minnkað verulega.

3.3 Líðan nemenda

Það er markmið skólans að nemendum líði vel í skólanum. Vellíðan er ein meginforsenda þess að ná árangri í námi. Fylgst hefur verið með líðan nemenda í skólanum með viðhorfskönnunum undanfarin ár.

Í desember 2016 voru nemendur spurðir um líðan sína í vinnustofum, í fagtímum og eftir skóla á daginn og á kvöldin. 34 svöruðu könnuninni eða aðeins um 50% dagskólanemenda.




Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur vellíðan nemenda í vinnustofum og fagtímum aukist töluvert frá því sem var í fyrra og einnig vellíðan eftir skóla. (Sjá nánar í fylgiskjali 1). Þetta eru afar ánægjulegar niðurstöður og mikilsvert að þróunin verði áfram í þessa átt. Sambærileg könnun var ekki lögð fyrir nemendur á vorönn 2017.


Í könnuninni Ungt fólk, niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016 sem unnin var af Rannsóknum & greiningu var einnig spurt um líðan í skóla. Þar kemur fram að mun færri strákum í Framhaldsskólanum á Laugum, eða 4% líður illa í skólanum meðan hlutfallið er 7% á landsvísu. Hjá stelpum er hlutfallið í FL það sama og yfir landið í heild, eða 10%.

Í könnuninn Ungt fólk er almenn líðan og lífsánægja framhaldsskólanema könnuð. Þar kemur fram að nemendur í Framhaldsskólanum á Laugum eru líklegri til að finna til þunglyndiseinkenna en meðaltal framahaldsskólanema á Íslandi. Strákar í FL eru einnig líklegri til að finna fyrir kvíðaeinkennum.

Hlutfall nemenda, bæði stráka og stelpna sem hafa einusinni eða oftar hugleitt að skaða sjálfan sig, eða hafa gert það er töluvert mikið hærra en landsmeðaltalið.



Þannig eru 45% stráka í FL sem hafa hugleitt að skaða sjálfan sig á móti 24% allra framhaldsskólastráka. Hlutfallið hjá stelpum í FL er 67% á móti 35% á landsmeðaltali.



Þá hafa 28% stráka í FL skaðað sjálfan sig einu sinni eða oftár meðan landsmeðaltalið í þeim hópi er 11%. Sambærilegar tölur fyrir stelpur í FL eru 57% á meðan landsmeðaltalið er 25%.

Hér eru á ferðinni upplýsingar sem skoða þarf alvarlega. Þetta gefur vísbendingar um samsetningu nemendahópsins okkar og að þörf fyrir utanumhald um nemendur, sálfræði- og heilbrigðisþjónustu sé mun meiri í þessum skóla en almennt gerist í Framhaldsskólum landsins.

4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

4.1 Samantekt

Það er von sjálfsmatsnefndar að það sem fram kemur í þessari skýrslu nýtist skólastjórnendum og starfsfólki við að leggja mat á skólastarfið og bæta það. Sjálfsmatsnefndin hvetur því til þess að skýrslan birtist á heimasíðu skólans þar sem hún er aðgengileg öllum. Eitt af því sem mikilvægt er að gera er að stjórnendur skólans fari yfir áfangamat hvers áfanga, til þess að ræða við viðkomandi

kennara í starfsmannaviðtali næsta árs. Með því móti er líklegt að þróun og framfarir verði í einstaka áföngum og kennslunni í heild sinni.

Margt jákvætt kemur fram um skólasterfið, m.a. að nemendum virðist almennt líða vel í skólanum, bæði í vinnustofum og fagtímum en líka eftir skóla. Stærri hópur nemenda nýtir vinnustofur betur en einnig stækkar hópurinn sem nýtir þær illa. Nemendur virðast almennt vera ánægðir með kennara skólans sem kemur m.a. fram í að nemendum eru ánægðir með viðbrögð kennara við fyrirspurnum og flestum þykja kennarar hvetja til sjálfstæðra vinnubragða. Einnig er jákvætt að raunmæting hefur hækkað m.v. árið á undan og brottfall úr áföngum hefur minnkað töluvert. Einkunnir eru þónokkuð frá markmiðum skólasamnings sem er 7,6 í meðaleinkun, en meðaleinkunn á vori 2017 er 6,6.

4.2 Sjálfsmatsáætlun 2017-2021

Sjálfsmatsteymi hefur sett saman langtímaáætlun um innra mat í skólanum fram til ársins 2021. Þar eru tíunduð þau viðfangsefni sem mælt er með að séu skoðuð og ákveðið hvenær þau eru metin. Sumt er metið á þriggja til fjögurra ára fresti meðan nokkrum þáttum er fylgt eftir á hverju ári. Langtímaáætlun um innra mat er að finna í fylgiskjali.

4.3. Gátlistar fyrir sjálfsmatsteymi

Eitt af viðfangsefnum sjálfsmatsteymis á yfirstandandi ári var að þróa og skýra verkferla fyrir innra mat. Ljóst er að halda þarf þeirri vinnu áfram á næsta skólaári.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni verði á hendi sjálfsmatsteymis hverju sinni.

Verkþáttur:	Tímasetningar:
Gera áætlun fyrir mat komandi skólaárs	Í upphafi skólaárs
Yfirfara gátlista fyrir mat á skólanámskrá	Ljúka fyrir lok haustannar
Yfirfara gátlista fyrir kennsluáætlanir	Ljúka áður en 3 vikur eru liðnar af hverri önn
Áfangamat lagt fyrir í völdum áföngum	Í lok hvern annar
Leggja fyrir kannanir og afla upplýsinga sem við á hverju sinni	Yfir skólaárið
Fylgja eftir eldri umbótaáætlun	Yfir skólaárið, samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í umbótaáætluninni
Gera nýja umbótaáætlun	Í lok skólaárs
Endurskoða langtímaáætlun um innra mat	Í lok skólaárs
Skila sjálfsmatsskýrslu	Í lok skólaárs

4.4 Úrbótaáætlun

Helstu niðurstöður sem huga þarf að og finna leiðir til úrbóta eru:

- Námsárangur í einkunnum talið er töluvert frá því að ná markmiðum skólasamnings.
- Beðið er eftir staðfestingu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á skólanámskrá en Menntamálastofnun hefur samþykkt námskrána. Námskrá skólans er ekki aðgengileg á heimasíðu hans.
- Vinna þarf áfram að samstarfi við aðra framhaldsskóla. Þau tækifæri sem felast m.a. í Fjarmentaskólanum hafa t.d. ekki verið nýtt.
- Hugsa þarf betur að skipulagi varðandi samstarf við Þingeyjarskóla á sviði íþróttar.

- Þó líðan nemenda sé betri en áður er það þáttur sem sífellt þarf að huga að og tölur um sjálfskaða nemenda eru alvarlegar.